
1992 nr. 98 9. desember

Lög um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana

■ **1. gr.** Alþjóðastofnanir skulu njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar.

□ Eftirtaldir skulu einnig njóta friðhelgi og forréttinda samkvæmt samningum þessum hér á landi:

1. starfslid alþjóðastofnana,

2. þeir sem koma fram eða starfa á vegum alþjóðastofnana,

3. fulltrúar, sendimenn og erindrekar aðila að alþjóðastofnunum,

4. þeir sem taka þátt í rekstri mála fyrir alþjóðastofnunum og

5. fjölskyldur þeirra sem getið er í 1.–4. tölul.

■ **2. gr.** Utanríkisráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.